

98

15. des.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—500 kr., er renna í sveitarsjóð Hvammshrepps (Víkurrepps), og er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst á kaupútnslóðinni, nema hann fylgi aðkomumanni.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1927.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hvammshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. des. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

99

27. des.

## AUGLÝSING

um

### viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 um innflutningsbann.

Meðan munn- og klaufaveiki í búpeningi gengur í löndum þeim, sem um ræðir í tjeðri auglýsingu, er hjermeð skipað svo fyrir fyrst um sinn, að allir, sem koma hingað til lands frá útlöndum, skulfi á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en þeir stíga af skipsfjöl, gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu að viðlögðum drengskap um það, hvort þeir hafi síðustu sex vikur áður en þeir lögðu í haf frá útlöndum dvalið í sveit, þar sem tjeður sjúkdómur hefir gengið síðastliðið ár.

Hafi slíkur farþegi dvalið í sýktu hjeraði síðustu 6 vikur, má hann ekki, að viðlagðri refsingu, fara neitt burtu út um sveitir, eða þangað, sem búpeningur er, fyr en 6 vikur eru liðnar frá því hann ljet í haf frá útlöndum, nema hann og farangur hans hafi verið rækilega sóttthreinsaður, enda leyfi lögreglustjóri för hans.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. des. 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*